

Sp.

297. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á láni til virkjunar Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Flm.: Guðbrandur Ísberg.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað allt að 1500000 króna lán, eða samsvarandi upphæð í erlendri mynt, til virkjunar Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

Greinargerð.

Fyrir fjárhagsnefnd neðri deildar liggur nú frv. til laga um virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, og hefði að öllu leyti verið æskilegt, að það frumvarp hefði náð fram að ganga.

En þar sem almennt er talið vist á Alþingi og í blöðum stjórnarflokkanna, að nú sé líðið mjög að þinglokum, er ástæða til að óttast, að framangreint frumvarp nái ekki fram að ganga. Hinsvegar er hér um svo mikið nauðsynjamál Akureyrarkaupstaðar að ræða, að ekki þykir forsvaranlegt að láta allt málið daga uppi, ef annars væri nokkur kostur, og er því þingsályktunartillaga þessi borin fram til þess, ef unnt væri, að fá ábyrgðarheimild frumvarpsins samþykkt, eina sér, nú þegar á þessu þingi.